

VESTURLANDSDEILD, SÍMI 93-7197

Unnið fyrir  
Veiðifélag  
Laxár

LAXASTOFN LAXÁR Í HRÚTAFIRÐI  
HREISTURSRANNSÓKNIR 1986


FRAMVINDUSKÝRSLA

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/87012



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116  
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252  
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

BORGARNESI, mars 1987

VMST-V/87012

LAXASTOFN LAXAR Í HRÚTAFIRÐI.  
HREISTURSRANNSÓKNIR 1986.

FRAMVINDUSKYRSLA

1. INNGANGUR

Laxá í Hrútafirði er ein af þeim laxveiðiám þar sem veiðisveiflur eru miklar. Með rannsóknum á laxahreistri er hægt að aldursgreina fiskana og á þann hátt finna hvaða árgangar það eru sem halda uppi veiðinni hverju sinni. Að auki fást mikilsverðar upplýsingar um lífsferil laxins t.d. hvað varðar kynjahlutföll og stærðardreifingu. Árlegar hreistursrannsóknir auk rannsókna á seiðastyrkleika árinna gætu því er tímar liða gefið mikilsverðar upplýsingar um stofnsveiflur í ánni. Áin hefur áður verið rannsökuð af Veiðimálastofnun árið 1980 (Teitur Arnlaugsson, óbirt efni) og 1985 (Sigurður Már Einarsson, 1986). Hér verður fjallað um rannsóknir á hreistri sem safnað var úr laxveiðinni 1986.

2. ADFERDIR

Hreistur var athugað af 87 lögum, en í ánni veiddust 98 fiskar og barst því hreistur af 88.8% veiðinnar. Veiðidagur, lengd, þyngd og kyn var skráð fyrir flesta fiskana. Vinnsluáferðir eru nánar skýrðar í fyrri skýrslu (Sigurður Már Einarsson, 1986).

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1 SJAVARÐVÖL

Alls reyndist unnt að aldursgreina 74 laxa. Eins árs fiskar úr sjó (smálax) var uppistaða aflans (56.8%) en tveggja ára fiskar 43.2% (Tafla 1). Kynjahlutfall smálaxa var jafnt, en hrygnur voru í meirihluta tveggja ára fiska. Allir laxarnir voru að koma í fyrsta sinn til hrygningar.

3.2 FERSKVATNSDVÖL

Ferskvatnsaldur reyndist allt frá 2-6 ár (Tafla 1), en yfirgnæfandi meiri hluti hafði 4-5 ára dvöl að baki (85.1%). Nokkrir laxar höfðu dvalið 2-3 ár í ferskvatni og eru líkur á að hluta þeirra megi rekja til smáseiðasleppinga á ófiskgenga árhluta.

3.3 ÁRGANGAR

Mestur hluti laxanna var af árgangi 1980 (klakárgangi) og var 73% veiðinnar. Næst stærsti árgangurinn var frá 1981 (13.5%) en aðrir árgangar lögðu minna til (Tafla 2).

Skipting veiðinnar eftir árgöngum í laxveiðinni 1985-1986 er tekin saman í töflu 3. Þar kemur greinilega fram að árgangurinn frá 1980 er uppistaða veiðinnar þessi tvö ár og í heild

hefur hann lagt til 150 laxa af þeim 229 löxum sem veiðst hafa (65.6%), en næst kemur árgangur frá 1981.

#### 4. UMRÆÐUR

Seiðaathuganir í Laxá hafa sýnt að styrkleiki árganga er mjög misjafn í ánni. Í athuguninni 1980 kom í ljós að tveir árgangar voru þá nær einráðir í ánni, þ.e. frá 1978 og 1980. Árið 1985 var sama ástand og voru þá fjölmennustu árgangarnir frá 1984 og 1985. Laxveiðin síðustu 2 ár hefir einkum komið úr árgangi 1980 og enn á eitthvað eftir að skila sér úr þeim árgangi, þó reikna verði með að fiskar fæddir 1980 séu að mestu búnir að skila sér í ána. Árið 1987 verður laxveiðinni haldið uppi af seiðum sem fóru til sjávar árin 1985 og 1986. Fjöldi smálaxa sem veiddist 1986 bendir til að ganga stórlaxa árið 1987 verði minni en árið áður og í heild er líklegt að veiðin fari nú minnkandi, því allt bendir til að árgangur frá 1981 sé ekki sterkur, þó það sé ekki vitað með vissu, en hans hefði þó átt að gæta mun meira í veiðinni 1986 ef styrkleiki hans væri sambærilegur við árgang 1980. Í heild er því líklegt að veiði í Laxá fari nú minnkandi þar til fjölmennir árgangar frá 1984 og 1985 taka að skila sér í ána.

#### 5. FREKARI RANNSÖKNIR

Nauðsynlegt er að áframhald verði á hreisturssöfnun eins og gert hefur verið síðastliðin tvö ár, en með slíkri söfnun safnast dýrmætar upplýsingar sem geta gefið upplýsingar um stofnsveiflur og ástand laxastofnsins í Laxá. Einnig er nú nauðsynlegt að áframhald verði á athugun seiðastofns árinna þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir styrkleika seiða-árganga en slíkt er forsenda þess að hægt sé að spá fyrir um laxveiði komandi ára.

#### 6. HEIMILDIR

Sigurður Már Einarsson 1986. Vatnakerfi Laxár í Hrútafirði.  
Fiskirannsóknir 1985. VMST-V/86001. Skýrsla. 24 bls.

TAFLA 1ALDURSSAMSETNING OG KYNJAHLUTFALL LAXA SAMKVÆMT GREININGU  
HREISTURSSYNA Í LAXA Í HRÚTAFIRDI ÁRÍÐ 1986

(OK = ÖKYNGREINDIR LAXAR)

FERSK- VATNS- ALDUR	ALDUR Í SJO								FJÖLDI N	FJÖLDI %
	1 AR			ALLS	2 AR			ALLS		
	HÆ	HR	OK			HÆ	HR		OK	
2	1	0	0	1	0	1	0	1	2	2.7
3	3	1	0	4	1	2	0	3	7	9.5
4	2	3	2	7	6	16	3	25	32	43.2
5	12	13	4	29	1	1	0	2	31	41.9
<u>6</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>2</u>	<u>2.7</u>
Fjöldi(N)	18	18	6	42	8	21	3	32	74	
Fjöldi (%)		56.8				43.2				100.0

TAFLA 2FJÖLDI LAXA Í HVERJUM KLAKARGANGI SAMKVÆMT  
GREININGU HREISTURSSYNA UR LAXA Í HRÚTAFIRDI 1986

<u>ARGANGUR</u>	FJÖLDI N	FJÖLDI %
1978	1	1.4
1979	3	4.0
1980	54	73.0
1981	10	13.5
1982	5	6.7
<u>1983</u>	<u>1</u>	<u>1.4</u>
FJÖLDI ALLS	74	
FJÖLDI %		100.0

TAFLA 3SKIPTING LAXVEIDINNAR 1985-1986  
EFTIR KLAKARGÖNGUM

<u>KLAKAR</u>	<u>1985</u>	<u>VEIDIAR</u>		<u>ALLS</u>
		<u>1986</u>		
1978	6	1		7
1979	19	4		23
1980	78	72		150
1981	28	13		41
1982		7		7
<u>1983</u>		<u>1</u>		<u>1</u>
ALLS	131	98		<del>220</del>